



Skorradalshreppur
Mófellsstaðakoti
311 Borgarnesi

Dagsetning 3.7.2025
Málsnúmer FRN25060183

Framkomin beiðni um skipan raflínunefndar vegna Holtavörðuheiðarlínu 1

Ráðuneytinu hefur borist meðfylgjandi erindi Landsnets, dags. 27. júní sl., þar sem lögð er fram beiðni um skipan sérstakrar raflínunefndar á grundvelli 9. gr. a skipulagslaga, nr. 123/2010, vegna Holtavörðuheiðarlínu 1.

Áður en málið verður tekið til frekari afgreiðslu óskar ráðuneytið eftir afstöðu Skorradalshrepps til hinnar framkomnu beiðni Landsnets. Er þess óskað að hún berist ráðuneytinu, ásamt rökstuðningi eftir því sem við á, eigi síðar en fimmtudaginn 31. júlí nk.

Fyrir hönd ráðherra,

Hildur Dungal

Rún Knútsdóttir

Afrit: Landsnet